
*Skógarvörðurinn á Norðurlandi
Starfsskýrsla fyrir árið 2015*



Hengibjörk í haustlitum í Vaglaskógi

Rúnar Ísleifsson

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Veðurfar ársins | 2 |
| 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs | 2 |
| 2.1. Laufgun og lauffall..... | 2 |
| 2.2. Vöxtur..... | 2 |
| 2.3. Fræsöfnun..... | 2 |
| 2.4. Skaðar..... | 2 |
| 3. Fræhús og fræsala..... | 2 |
| 3.1 Fræhús | 2 |
| 3.2 Fræsala | 3 |
| 4. Starfsfólk | 5 |
| 5. Girðingar | 5 |
| 6. Skógarhögg..... | 5 |
| 6.1. Grisjun..... | 5 |
| 7. Sala afurða..... | 7 |
| 7.1 Sala girðingarstaura..... | 7 |
| 7.2 Viðarsala..... | 7 |
| 7.3 Jólatri | 7 |
| 7.4 Önnur sala | 8 |
| 8. Nýframkvæmdir | 9 |
| 9. Gróðursetning..... | 9 |
| 10. Byggingar | 10 |
| 11. Vélar og verkfæri | 10 |
| 12. Ýmislegt | 10 |
| 12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir | 10 |
| 12.2. Ferðafólk | 11 |
| 12.3. Annað | 11 |
| 13. Fylgiskjöl..... | 12 |
| 13.1 Fylgiskjal nr. 1 Vélgrisjun á Norðurlandi 2014 og 2015 | 12 |
| 13.2 Fylgiskjal nr. 2 Samantekt á framkvæmdum í landi Belgsár 2013 til 2015..... | 20 |

1. Veðurfar ársins

Tíðarfar ársins var fremur óhagstætt framan af og veturinn umhleyppingasamur. Upp úr miðjum apríl skipti um veðurlag og norðlægar áttir urðu nær einráðar með kulda og óhagstæðri tíð og snjóá leysti seint. Frá því í september og fram í lok nóvember var þó tíðarfar hagstætt með mildu og stilltu veðri og snjóleysi.

Árið var það kaldasta á öldinni á Akureyri hingað til en meðalhitinn þó 0,6 gráðum fyrir ofan meðaltal árána 1961 til 1990 eða 3,8 stig.

Úrkoman var nokkru yfir meðallagi á norðaustanverðu landinu. Á Akureyri mældist hún 586,6 mm, eða 20% umfram meðaltal. Í Vaglaskógi reyndist ársúrkoman vera um 831,9 mm sem er um 10% umfram meðaltal.

Frá því í desember 2015 reyndist veturinn nokkuð snjóþungur. Mæld snjódýpt var um 0,65 metrar í byrjun janúar 2016 og varð mest um 1,16 metrar um 20. febrúar. Um 10. maí var snjódýpt enn um 0,5 metrar og snjór var ekki endanlega horfinn úr skóginum fyrr en í byrjun júní.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs

2.1. Laufgun og lauffall

Ekki skráð.

2.2. Vöxtur

Vöxtur reyndist vera með minna móti í ár.

2.3. Fræsöfnun

Engu fræi var safnað í ár í skóglendum Norðurlandsdeildar S.r. enda fræþroski lélegur eftir kalt sumar.

2.4. Skaðar

Skaðar voru ekki áberandi í skógi eftir frekar snjóþungan vetur enda miklu minna um bleytu-snjó en veturinn á undan. Snjóflóð voru ekki áberandi í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktar ríkisins þar þótt auðvitað sjáist nánast á hverjum vetri vegsummerki eftir snjóflóð í stærstu giljum.

Annars virtist trjágróður almennt séð vera nokkuð heilbrigður í skóglendum S.r. á Norðurlandi þetta árið og þrátt fyrir kalt sumar virtist trjágróður ná að hausta sig vel fyrir veturinn vegna hagstæðs tíðarfars langt fram eftir hausti.

3. Fræhús og fræsala

3.1 Fræhús

Úr fræhúsinu var safnað um 1,22 kg af lerkifræi. Þar af voru 0,43 kg *Larix sukaczewii* x *decidua* og 0,79 kg *Larix decidua* x *sukaczewii*. Einnig var safnað um 2,5 kg af birkiifræi (kvæmi: Vaglahús fv. Bæjarstaður). Umsjón, umhirða og viðhald á fræhúsinu hvíldi að langmestu leyti á herðum Guðna Þorsteins Arnþórssonar eins og fyrri ár.

3.2 Fræsala

Á árinu var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum.

Magn eftir tegundum

| Tegund | Magn í gr. |
|-----------------------|-------------------|
| Birki | 5,112 |
| Broddfura | 2 |
| Dvergfura | 4 |
| Fjallafura | 4 |
| Kjarrölur | 9 |
| Rauðgreni | 6 |
| Reyniviður | 100 |
| Rússlerki/Evrópulerki | 2,079 |
| Sitkagreni | 1,067 |
| Sitkaölur | 34 |
| Stafafura | 4,881 |
| Steinbjörk | 1 |
| Svartgreni | 50 |
| | 13,349 |

Magn eftir kvæmum og frænumerum.

| Tegund | Kvæmi | Frænumer | Magn í gr. | Athugasemdir |
|-----------------------|-------------------------------|-------------------|-------------------|---------------------|
| Birki | Hofg. Bæ | 206001 | 210 | Gefið |
| Birki | | 206008 | 2 | |
| Birki | Þórðarstaðaskógur | 207002 | 30 | |
| Birki | Vakal. Bæ | 207004 | 300 | Gefið |
| Birki | | 207005 | 380 | |
| Birki | Markarflj. Bæ | 207006 | 490 | Gefið |
| Birki | | 207007 | 330 | |
| Birki | | 208014 | 25 | |
| Birki | Bæjarstaður úrval | 210001 | 2.000 | |
| Birki | | 213002 | 1.345 | |
| Broddfura | | 209001 | 2 | |
| Dvergfura | | 990006 | 4 | |
| Fjallafura | | 990005 | 4 | |
| Kjarrölur | | 208023 | 9 | |
| Rauðgreni | Drevja | 208026 | 6 | |
| Reyniviður | | 209005 | 100 | |
| Rússlerki/Evrópulerki | Hrymur | 213003 | 384 | |
| Rússlerki/Evrópulerki | Hrymur | 213004 | 1.695 | |
| Sitkagreni | | 208033 | 314 | |
| Sitkagreni | Tunga | 208034 | 694 | |
| Sitkagreni | | 208035 | 21 | |
| Sitkagreni | | 208036 | 38 | |
| Sitkaölur | Lawing | 207009 | 2 | |
| Sitkaölur | Tumastaðir | 208039 | 7 | |
| Sitkaölur | | 208042 | 2 | |
| Sitkaölur | | 210014 | 20 | |
| Sitkaölur | | 210016 | 3 | |
| Stafafura | Watson Lake | 214001 | 61 | |
| Stafafura | Höfði(Sk) | 214008 | 625 | |
| Stafafura | Höfði(Skagway) | 214008 | 150 | |
| Stafafura | Vaglir Þelamörk(Skagway) | 214009 | 675 | |
| Stafafura | | 214010 | 25 | |
| Stafafura | Höfði(Taraldsöy) | 214012 | 195 | |
| Stafafura | Vaglir Þelamörk(Tutshii Lake) | 214013 | 500 | |
| Stafafura | Hafursá | 214015 | 550 | |
| Stafafura | Hafursá | 214016 | 1.000 | |
| Stafafura | Höfði(Skagway) | 214017 | 600 | |
| Stafafura | Bugar(Skagway) | 214018 | 350 | |
| Stafafura | Strönd | 214019 | 150 | |
| Steinbjörk | | 208046 | 1 | Blanda |
| Svartgreni | Watson Lake | | 50 | |
| | | Magn í gr. | 13.349 | |

4. Starfsfólk

Starfsfólk var þetta á árinu: Benjamín Örn Davíðsson og Guðni Þ. Arnþórsson, aðstoðar-skógarverðir og verkstjórar. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu, frærækt og afgreiðslu á plöntum fyrir NLS ásamt fleiru. Teitur Davíðsson og Valgeir Davíðsson unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru.

Sumarfólk var Erna Sigrún Valgeirsdóttir og Kristján Fannar Ragnarsson sem unnu á útivistarsvæði ásamt Gunnhildí Arnþórsdóttur sem var í hlutastarfi. Elmar Sigurðsson, Ingi Þór Halldórsson og Karl Stefánsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu og fleira tilfallandi. Danskir verknemar, þeir Lars Nielsen og Rasmus Riber Offenbach Harboe, unnu einnig um 5 mánaða skeið og þá aðallega við skógarhögg. Reyndust þeir hinn mesti happafengur.

Einnig sá Valgerður Jónsdóttir um frémál fræmiðstöðvarinnar í hlutastarfi.

Benjamín Örn Davíðsson hóf störf um miðjan janúar sem fastur starfsmaður og aðstoðar-skógarvörður og væntum við mikls af störfum hans í framtíðinni.

5. Girðingar

Viðhald girðinga var með hefðbundnu móti þetta árið. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum auk hluta girðinga á Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á Þelamörk sá starfsfólk Skógræktar ríkisins á Vöglum.

Verktakar sáu um viðhald á eftirtöldum girðingum: Á Vöglum vann Teitur Davíðsson verkið og á Þórðarstöðum og Belgsá sá Valgeir Davíðsson um viðhald og að taka niður girðingu fyrir veturinn. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingþór J. Kristmundsson um viðhald. Byrjað var að hreinsa birkikjarr frá girðingu í Sigríðarstaðaskógi og notaðar til þess keðju- og kjarrsagir. Á Belgsá var hreinsað frá griðingum með ruddaslátuvél. Byrjað var að endurnýja hluta girðingarinnar í Kristnesi.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Valgeir Davíðsson um smölun. Ármann Olgeirsson sá um girðinguna í Mela- og Skuggabjargaskógi og Hermann Herbertsson um Sigríðarstaðaskóg. Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu.

6. Skógarhögg

6.1. Grisjun

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Kristnesi í Eyjafjarðarsveit, Sigríðarstaðaskógi, Vaglaskógi, á Vöglum á Þelamörk og Þórðarstaðaskógi. Grisjunin var að stórum hluta unnin með grisjunarvél, Gremo 1050, í eigu Kristjáns Más Magnússonar og stýrt af Óskari Einarssyni. Óskar sá einnig mestmegnis um útkeyrslu á öllum við sem til féll við grisjun með vélinni og var notuð til þess Gremo-útkeyrsluvél í eigu Kristjáns. Starfsmenn á Vöglum sáu um alla grisjun og fellingu á birki og bilun á reitum í Sigríðarstaðaskógi og var þetta allt unnið með keðjusögum.

Samtals voru felldir um 1.200 m³f af timbri með grisjunarvélinni. Mótorsög var notuð til að fella um 200 m³f af birki sem fyrst og fremst er notað í arinvið. Um 20 m³f af stafafuru voru höggdir í Sigríðarstaðaskógi.

Um vélgrisjanir árána 2014 og 2015 er fjallað um nánar í fylgiskjali nr. 1 með ársskýrslu þessari. Jón Hlíðdal, verktaki á Egilsstöðum, sá um alla flutninga og lestun á viði til Elkem á Grundartanga. Gengu flutningarnar og lestunin þökkalega fyrir sig.

Eftirtaldir reitir voru grisjaðir og bilaðir með grisjunarvél og mótorsög á árinu:

| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
|---|-----------------|-----------------|------------------------|----------------|--------------------------------------|
| Vaglaskógur | 7 | 0,30 | Birki | Sumar | Ytri hluti reitar |
| Vaglaskógur | 30 | 0,32 | Birki | Sumar | Neðsti hluti reitar |
| Vaglaskógur | 101 | 0,78 | Lerki | Sumar | |
| Vaglaskógur | 109 | 1,70 | Stafafura | Sumar | |
| Vaglaskógur | 113 | 0,35 | Birki | Sumar | |
| Vaglaskógur | 114 | 0,38 | Birki | Sumar | |
| Vaglaskógur | 120 | 0,30 | Birki | Sumar | |
| Vaglaskógur | 236 | 0,15 | Birki | Sumar | Ysti hluti reitar við veg. |
| Vaglaskógur | 312 | 0,20 | Birki | Sumar | Neðri hluti reitar |
| Vaglaskógur | 318 | 0,40 | Birki | Sumar | Neðsti hluti reitar |
| Vaglaskógur | 334 | 0,52 | Stafafura | Sumar | |
| Vaglaskógur | 340 | 0,22 | Stafafura og Rauðgreni | Sumar | |
| Vaglaskógur | 421 | 2,40 | Birki | Haust | Hluti reitar |
| | Samtals: | 8,0 | | | |
| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
| Vaglír Þelamörk | 11 | 0,30 | Rússalerki | Sumar | Innsti hluti reitar |
| Vaglír Þelamörk | 45 | 0,33 | Stafafura | Sumar | |
| Vaglír Þelamörk | 46 | 1,37 | Stafafura | Sumar | Efri hluti reitar |
| Vaglír Þelamörk | 62 | 0,19 | Síberíulerki | Sumar | |
| Vaglír Þelamörk | 83 | 0,39 | Síberíulerki | Sumar | |
| Vaglír Þelamörk | 91 | 0,38 | Síberíulerki | Sumar | |
| Vaglír Þelamörk | 99 | 0,10 | Alaskaösp | Sumar | |
| Vaglír Þelamörk | 102 | 0,20 | Síberíulerki | Sumar | Neðri hluti reitar |
| | Samtals: | 3,3 | | | |
| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
| Þórðarstaðaskógur | 6 | 0,35 | Rauðgreni | Sumar | |
| Þórðarstaðaskógur | 11 | 1,1 | Síberíulerki | Sumar | Rjóðurfellt, neðri hluti reitar. |
| Þórðarstaðaskógur | 48 | 0,52 | Stafafura | Sumar | |
| Þórðarstaðaskógur | 49 | 1,94 | Rauðgreni | Sumar | Innri hluti reitar |
| Þórðarstaðaskógur | 54 | 0,44 | Stafafura | Sumar | |
| | Samtals: | 4,4 | | | |
| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
| Sigríðarstaðaskógur | 10 | 0,2 | Hvítgreni | Haust | Bilun, neðri hluti reitar. |
| Sigríðarstaðaskógur | 16 | 0,72 | Stafafura | Haust | Bilun. |
| Sigríðarstaðaskógur | 35 | 0,7 | Rauðgreni | Haust | Bilun, ytri hluti reitar |
| Sigríðarstaðaskógur | 19 | 1,3 | Stafafura | Sumar | |
| Sigríðarstaðaskógur | 28 | 0,4 | Stafafura | Haust | Handgrisjað, neðri hluti reitar |
| Sigríðarstaðaskógur | 34 | 0,21 | Stafafura | Sumar | |
| | Samtals: | 3,5 | | | |
| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
| Kristnes | 27 | 0,05 | Birki | Síðla vetrar | |
| Kristnes | 45 | 0,08 | Birki | Síðla vetrar | |
| Kristnes | 42 | 0,15 | Birki | Síðla vetrar | |
| Kristnes | 56 | 0,90 | Birki | Síðla vetrar | |
| | Samtals: | 1,2 | | | |
| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
| Meiðavallaskógur | | 2,50 | Birki | Sumar | Rjóðurfelling. Unnið f. Vegagerðina. |
| | Samtals: | 2,5 | | | |
| Staður | Reitur | Flatarmál í ha. | Tegund | Hvenær grisjað | Athugasemdir |
| Fossselsskógur | 121 | 0,43 | Stafafura og greni | Sumar | Bilun, innri hluti reitar. |
| Fossselsskógur | 122 | 0,05 | Stafafura og greni | Sumar | Bilun, stærsti hluti reitar. |
| Fossselsskógur | 123 | 0,05 | Stafafura og greni | Sumar | Bilun, stærsti hluti reitar. |
| Fossselsskógur | 124 | 0,33 | Stafafura og greni | Sumar | Bilun, stærsti hluti reitar. |
| | Samtals: | 0,9 | | | |
| Samtals í ha: | | 23,7 | | | |
| Grisjað með grisjunarvél í ha. | | 12,3 | | | |
| Grisjað/bilað með mótorsög í ha. | | 11,4 | | | |



Viðarstæða við Sigríðarstaðaskóg

7. Sala afurða

7.1 Sala girðingarstaura

150 girðingarstaurar úr lerki voru seldir til tveggja aðila á árinu.

7.2 Viðarsala

| Afurð | Fjöldi poka/sekkja/annað | m ³ f | Athugasemdir |
|-------------------------------------|--------------------------|------------------|-------------------------------|
| Bolviður fura, lerki, greni og ösp. | | 1.128 | |
| Borðviður fura í m ³ | | 0,1 | |
| Borðviður lerki í m ³ | | 1,5 | |
| Borðviður birki í m ³ | | 0,2 | |
| Arinviður birki um 20 kg. | 5.356 | 214 | |
| Birkiafsag í stórsekkjum | 11 | 6 | |
| Arinviður barr um 20 kg. | 480 | 19 | |
| Kurl lerki | 25 | 12 | Stórsekkir |
| Kurl annað | 3,5 | 2 | |
| Kurl birki/annað | 127 | 6 | Reykingarkurl 110 lítra pokar |
| Spænil/sag, undirburður | 2 | 1 | Stórsekkir |
| Plattar | 1.469 | | Í stykkjatali |
| Samtals | | 1.390 | |

Þar af voru afhentir 1.060 m³f til Elkem á Grundartanga.

7.3 Jólatré

Taka jólatrjáa hófst um mánaðarmótin október/nóvember. Rauðgreni var fellt í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19 og Sigríðastaðaskógi í reit nr. 22. Fjallapínur og stærri tré voru felld í Vaglaskógi og var fjallapínur aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309. Fjallapínur, blágreni og stafafura sem sótt var í Vagli á Þelamörk var tekin í reitum nr. 11, 213, 219, 240 og 242. Eins og sést er nokkur munur á fjölda felldra og seldra trjáa, þ.e. við gátum ekki selt um 60 tré, aðallega rauðgreni. Við búum við það oft á tíðum að þurfa að fella jólatré snemma vegna hættu á að ná þeim ekki fyrir snjó. Nú brást sala til tveggja aðila þannig að við sátum uppi með þessi tré.

Felld tré

| <i>Svæði</i> | <i>Blágreni</i> | <i>Fjallaþinur</i> | <i>Rauðgreni</i> | <i>Stafafura</i> | <i>Samtals</i> |
|---------------------|-----------------|--------------------|------------------|------------------|----------------|
| Sigríðarstaðaskógur | | | 35 | | 35 |
| Vaglaskógur | | 8 | 5 | | 13 |
| Vagllir á Þelamörk | 20 | 5 | | 40 | 65 |
| Þórðarstaðaskógur | | | 54 | | 54 |
| Samtals: | 20 | 13 | 94 | 40 | 167 |

Seld tré

| Stærð | Blágreni | Fjallaþinur | Rauðgreni | Stafafura | Samtals |
|-----------------|-----------------|--------------------|------------------|------------------|----------------|
| 70-100 | | 1 | | 1 | 2 |
| 101-125 | 3 | 1 | 7 | 2 | 13 |
| 126-150 | 5 | 1 | 5 | 8 | 19 |
| 151-175 | 8 | 4 | 19 | 15 | 46 |
| 176-200 | 1 | 1 | 4 | 9 | 15 |
| 201-250 | | 2 | 3 | 3 | 8 |
| 301-400 | | 1 | 1 | | 2 |
| 401-500 | 1 | | | | 1 |
| 701-800 | | | 1 | | 1 |
| Samtals: | 18 | 11 | 40 | 38 | 107 |

7.4 Önnur sala

Seldir voru um 1.000 plöntubakkar sem höfðu verið notaðir til skógarplönturæktunar í gróðrarstöðinni á Vöglum á árum áður. Kaupandi var Ræktunarmiðstöðin í Hveragerði.

Við létum einnig frá okkur gamla kurlarann (þann fyrsta sem keyptur var til landsins) til Baldvins Haraldssonar á Hámundarstöðum. Hann lagfærði kurlarann og notar.

Um 3.445 plöntur af alaskaösp voru afhentar eins og um hafði verið samið til skógræktar í Laxaborg í Dölum. Þar er um að ræða samstarfsverkefni Skógræktar ríkisins og Landsvirkjunar.

Safnað var í apríl og maí um 811 lítrum af birkisafa og hann seldur til Foss distillery. Var safinn notaður þar til framleiðslu á birkisíróp og ýmsa aðra tilraunastarfsemi.



Benjamín Örn Davíðsson við söfnun á birkisafa

8. Nýframkvæmdir

Helstu nýframkvæmdir á árinu voru þær að skipt var um möl í planinu við Vagli II og Furuvelli og eins endurnýjaður vegurinn frá Furuvöllum og niður að Svartaskúr. Um það verk sá Vilhjálmur Valtýsson og Helgi Ingason verktakar. Á Vöglum á Þelamörk var lagður nýr slóði sem liggur frá afleggjara gegnum neðsta hluta skógarins og suður undir gamla skóginn í elsta reitnum, um 0,8 km á lengd. Einnig voru gerðar betrubætur á slóðum sem höfðu verið lagfærðir þar árið áður. Um þessi verk sáu þeir Brynjólfur Magnússon og Jón Þórólfsson. Í Fellsskógi var hreinsað frá aðalveginum gegnum skóginn og notaðar til þess kjarr- og keðjusagir og endað á því að fara með ruddasláttuvél meðfram veginum.

Á tjaldsvæðum var lagt rafmagn í Efra-Hróarsstaðanes og einnig hluta af því neðra að klósettinu sem þar er. Sett voru upp ný klósett í ytri hluta Stórarjódurs og yst á Flatagerðinu. Einnig var skipt um rotþró við klósett á Neðra-Hróarsstaðanesi.

9. Gróðursetning

Gróðursett var í júnímánuði á Belgsá í reiti nr. 53 og 54, samtals um 34.701 planta. Aðallega var gróðursett stafafura en einnig var sett út tilraun með hengibjörk í innri og neðri hluta reits nr. 53. Gróðursetningin var unnin af starfsfólki S.r. á Vöglum. Ákveðið var að bíða með áburðargjöf á plönturnar til vorsins 2016 vegna ótta við afföll á nýgróðursettum plöntum vegna áburðargjafar. Var verkið unnið í samræmi við samning Landsvirkjunar og Skógræktar ríkisins um aðgerðir til kolefnisbindingar. Brynjar Skúlason, sérfræðingur hjá Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, sá um að setja út hengibjarkartilraunina.

Yfirlit yfir gróðursetningu ársins.

| Tegund | Pl. Aldur | Bakkagerð | Kvæmi | Kvæma nr. | Fjöldi | Ahugasemdir |
|------------|-----------|-----------|-------------|-----------|--------|-----------------------------------|
| Stafafura | 1/0 | Fp-67 | Watson Lake | 214001 | 33,701 | Belgsá, landsvirkjun |
| Hengibjörk | 1/0 | Fp-40 | Tilraun | | 960 | Belgsá, landsvirkjun |
| Lerki | 1/0 | Fp-40 | Hrymur | | 40 | Belgsá, landsvirkjun |
| Lerki | 1/0 | Fp-40 | Hrymur | | 280 | Vaglir Þelamörk |
| Stafafura | 1/0 | Fp-40 | Watson Lake | 214001 | 4,556 | Vaglir Þelamörk |
| Stafafura | 1/0 | Fp-40 | Watson Lake | 214001 | 2,278 | Hálsmelar |
| Lerki | 1/0 | Fp-40 | Hrymur | | 1,360 | Hálsmelar |
| Lerki | 1/0 | Fp-40 | Hrymur | | 1,960 | Þórðarstaðaskógur, snjóflóðasvæði |
| | | | | Samtals: | 45,135 | |

Yfirlit yfir staðsetningu gróðursetninga.

| Staður | Tegund | Fjöldi | Reitur nr. | Staðsetning |
|-------------------|-----------|--------|------------|--|
| V-Þelamörk | stafafura | 2,077 | | Ofan og innan þar sem efri slóð endar |
| V-Þelamörk | stafafura | 1,474 | | Mói sem varð eftir, neðan við þar sem slóð endar |
| V-Þelamörk | stafafura | 1,005 | | Efra svæði við ána |
| V-Þelamörk | Lerki | 280 | | Ofan við efri slóð |
| Belgsá | Lerki | 40 | 217 | Utan við nyrðra svæði |
| Belgsá | stafafura | 17,688 | 217 | Nyrðra svæðið |
| Belgsá | Vörtubirk | 960 | 233 | Nyrðra svæðið |
| Belgsa | stafafura | 16,013 | 233 | Syðra svæði |
| Hálsmelar | stafafura | 2,278 | 625 og 599 | Nyrsta hluta 599, mögulega eitthvað í reit nr. 603 |
| Hálsmelar | Lerki | 1,360 | 626 og 599 | |
| Þórðarstaðaskógur | Lerki | 1,960 | 83 | Snjóflóðasvæði, Syðri hluti reitar. |
| | Samtals: | 45,135 | | |

10. Byggingar

Húsið á Vöglum II var málað og lagfærðar steypuskemmdir um leið. Einnig var lokið við að fara yfir og endurnýja raflagnir í húsinu og koma þeim málum í viðunandi horf. Lokið var við að mála Svartaskúrinn. Undir lok ársins var loksins klárað að tengja Furuvallahúsið við hitaveitu og gömlum rafmagnssofnum skipt út fyrir vatnssofna en sumir þeirra gömlu áttu ættir sínar að rekja til gamla hótelsins í Brúarlundi sem eitt sinn stóð hér norðarlega í skóginum.

11. Vélar og verkfæri

Síðla vetrar urðu aftur skemmdir á hitaelementum blásaranna í Fræhúsinu. Bilun varð í loka sem leiddi til þess að vatnið fraus í elementunum. Framvegis verða elementin tekin niður og geymd annars staðar þannig að við lendum ekki í hlutum sem þessum aftur. Á vordögum var fjárfest í nýjum Husqvarna-sláttutraktor til notkunar á tjald- og útivistarsvæðum. Að öðru leyti var viðhald með eðlilegum hætti og ekkert um stórviðgerðir.

12. Ýmislegt

12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir

- 21. janúar Fundur á Vöglum um rekstararáætlun Norðurlandsdeildar.
- 3. febrúar Kynningarfundur um birkikortlagningu á Mógilsá.
- 3. mars Fundur á Egilsstöðum um rekstararáætlun Norðurlandsdeildar.
- 10.-12 mars Fagraðstefna Borgarnesi.
- 7. apríl Frjóvgun í Fræhúsi.
- 4. júní Móttaka norsks skógræktarfólks á vegum Jóns Loftssonar í Vaglaskógi.

- 25. júní Skoðunarferð í Reykjarhól og Gilá í Vatnsdal.
- 3. júlí Farið í Meiðavallaskóg við Ásbyrgi og ráðgerð felling á birkiskógi vegna vegagerðar skoðuð.
- 7. júlí Jarðaför í Reykjavík. Ísleifur Sumarliðason, fv. skógarvörður á Vöglum.
- 11. júlí Skógardagur í Vaglaskógi.
- 8. ágúst Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands á Akureyri.
- 1. september Samráðsfundur í Reykjavík um sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna í skógrækt.
- 22. september Skoðunarferð í Fossselsskóg og Bárðardal.
- 30. sept.-2. okt. Vegagerðarnámskeið á Hvanneyri.
- 5. október Heimsókn starfsfólks Skógræktarinnar á Hallormsstað.
- 20. október Fundur um brunavarnir á skógarsvæðum á Furuvöllum með Norðurlandsskógum og slökkviliðsstjóra Þingeyjarsveitar.
- 12. desember Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Skógardagur Norðurlands var nú haldinn í Vaglaskógi laugardaginn 11. júlí í þökkalegu veðri, norðaustan golu og lítils háttar rigningu af og til. Ætla má að í það minnsta 300 manns hafi sótt viðburðinn. Í boði var gönguferð um trjásafnið, leiðsögn um fræhúsið, ratleikur, útileikir og leiktæki fyrir börnin, lifandi tónlist, grisjunarvél var kynnt og sýnd að störfum, ketilkaffi, lummur, pinnabrauð og fleiri veitingar. Einnig kynntu Sólskógar og Jötunn vélar starfsemi sína og vörur. Allir fóru glaðir og ánægðir heim eftir ánægjulegan dag.

Aðstandendur Skógardags Norðurlands voru Skógrækt ríkisins, Norðurlandsskógar, Skógræktarfélag Eyfirðinga og Suður-Þingeyinga, Skógfræðingafélag Íslands, Sólskógar og Jötunn vélar.

Jólamarkaður var haldinn í fysta sinn 12. desember í starfstöð Skógræktar ríkisins á Vöglum í Fnjóskadal. Handverksfólki í Þingeyjarsveit var boðið að setja upp söluborð og sóttu ellefu um pláss.

Söluvörurnar voru af ýmsum toga, marmelaði, grasöl, leikfangabílar úr tré, jólakort, heima-bakstur, reyktur silungur, list- og skrautmunir svo eitthvað sé nefnt. Einnig seldi Skógrækt ríkisins varning úr skóginum, eldivið, köngla, platta, flettiefni, kertastjaka, kyndla og að sjálf-sögðu jólatré, greinar og skreytingaefni. Haft var á orði að þarna hefði fólk getað fengið allt til jólanna á einum stað.

Aðsókn að markaðnum var framar öllum vonum og komu hátt í 400 manns í Vaglaskóg þennan dag í frábæru vetrarveðri.

Nemendur af unglíngastigi Stórutjarnaskóla seldu veitingar á markaðnum til fjáröflunar fyrir ferðasjóð sinn.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var langt undir meðallagi þetta ár enda tíðarfar óhagstætt. Eins og oft áður voru fáar gistinætur skráðar í ágúst. Opnað var um mánaðamótin maí/júní og lokað 1. september. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 3.881 sem skiptust þannig: Í júní 1.069, í júlí 2.443 og í ágúst 369.

12.3. Annað

Fjögurra skóga hlaupið var haldið í Fnjóskadal í júlí eins og síðustu ár og var þátttaka mjög góð. Eins og áður sá Björgunarsveitin Þingey sá um framkvæmdina.

Vöglum, janúar 2017, Rúnar Ísleifsson.

13. Fylgiskjöl

13.1 Fylgiskjal nr. 1 Vélgrísjun á Norðurlandi 2014 og 2015

Vélgrísjun á Norðurlandi 2014 og 2015

Á svæðum S.r á norðurlandi voru vélgrísjaðir 29 reitir árin 2014 og 2015. Bæði árin voru grísjanir framkvæmdar yfir sumarmánuðina þar sem erfitt er að komast um þessi svæði að vetri til vegna snjóalaga. Allir reitir sem náðist að mæla voru mældir haustið 2015. Um mælingar sá Benjamín Örn Davíðsson. Svæðin sem um er að ræða eru í Þórðarstaðaskógi, Vaglaskógi, Sigríðarstaðaskógi og Vöglum á þelamörk. Í þessari samantekt er ekkert fjallað um birkigrísjanir sem starfsmenn S.r hafa unnið á árunum 2014 og 2015 né vinnu verktaka sem grísjúðu með mótorsög á árinu 2014. Einnig vantar inn í upptalninguna verk sem S.r hefur tekið að sér í öðrum skóglendum á svæðinu.

Sigríðarstaðaskógur R-19, SF og IB, 1971

Reiturinn var grísjaður sumarið 2015. Áður en hafist var handa við að grísjareitinn, var hann undirbúinn með keðjusög. Snjóbrott, fallin tré og mikill hluti af birki var felldur sem gerði vélamanni grísjunina auðveldari. Eftir grísjun lýtur reiturinn heilt yfir vel út en á nokkrum stöðum er of þéttar grúbbur. Suðurkantur er einnig ekki nægilega grísjaður. Þéttleiki á stafafuru er 883 tré/ha og þéttleiki birkis er um 50 tré/ha. Skemmdir á trjám eru í lágmarki eftir grísjun og útkeyrslu. Yfirhæð er 12,2 m.

Sigríðarstaðaskógur R-34, SF og SkF, 1970

Reiturinn var grísjaður sumarið 2015. Þessi reitur fékk engan undirbúning fyrir grísjun. Þarna standa um 600 tré/ha eftir grísjun. Kantar voru ekki grísjaðir nægjanlega vel. Skemmdir á trjám eftir grísjun og útkeyrslu eru of allt of miklar. Í þessum reit má velta því fyrir sér hvort vargar hafi verið skildir eftir en betri tré felld. Yfirhæð er 13,4 m.

Vaglaskógur R-109, SF, IB og SkF, 1967

Reiturinn var grísjaður sumarið 2015. Reiturinn er heilt yfir ójafnt grísjaður, mikið er um lítil tré sem eru um 10-15 cm í brjósthæð og sem standa þétt upp við stærri tré. Topplaus tré skilin eftir og skemmdir af völdum grísjunar og útkeyrslu eru tölverðar. Töluvert var af grísjunarvið liggjandi í reitnum eftir útkeyrslu verktaka. Starfsmenn S.r keyrðu ca. 2,5 vagna af grísjunarvið út úr reitnum (um 10 m³f). Brautir eru óþarflega breiðar 6-7 metrar að breidd sem leiðir af sér að óþarflega mikið er tekið í burtu af trjám. Það lítur út fyrir að ekki hafi verið farið eftir reglum um trjával við grísjunina og vargar og greinamikil tré skilin eftir. Verktaki var sendur aftur inn þennan reit til lagfæringa og gerði það að mestu en kláraði þó ekki allt sem hann var beðinn um að laga. Farið var í hluta reitar með keðjusög á undan vélgrísjun og snjóbrott og birki tekið niður. Þéttleiki eftir grísjun er um 750 tré/ha. Yfirhæð er 12,2 m.

Vaglaskógur R-240, R-242, R-243, R-244, R-228. SF og RL, 1959

Reitur grisjaðir sumarið 2014 fyrir utan reit 240 sem hafði verið handgrisjaður áður. Grisjun er nokkuð jöfn og hefur fjöldi trjáa eftir grisjun sennilega verið ásættanlegur Vindfall varð veturinn 2014-2015 og er reiturinn heldur gisnara en lagt var upp með. Farið var aftur inn í reitinn sumarið 2015 og töluvert af þeim trjám sem féllu yfir veturinn voru felld með vél, þar vantar reyndar upp á að verkið hafi verið klárað að fullu og enn er töluvert af skökkum trjám ásamt liggjandi og háfliggjandi trjám í reitnum. Þéttleiki er um 400 tré/ha. Yfirhæð er 12,5 m.

Vaglaskógur R- 245 RG, 1961

Reitur sem byrjað var að grisja sumar 2014. Neðsti hluti reitar tekinn og gerð slóð upp í hann. Annað var ekki klárað og of lítið flatarmál grisjað til að taka mæliflöt.

Vaglaskógur R-142 RL/IB, 1963

Grisjað sumarið 2014. Grisjun er jöfn og góð en slóðir eru breiðar og liggja þétt saman ásamt því hefur verið tekið heldur ríflega af trjám miðað við áætlun. Birki finnst í reitnum. Þéttleiki 500 tré/ha. Yfirhæð er 12,2 m.

Vaglaskógur R-218 RL,1981

Reitur grisjaður sumarið 2014. Reiturinn er langur og mjór og liggur upp á hrygg með hallandi hliðar í suður og norður. Grisjun er nokkuð jöfn en aðeins vantaði upp á að klára bæði suður og norðurkanti. Farið var í norðurkant sumar 2015 og birki og lélegt rússalerki fellt úr reitnum með keðjusög. Það sama þarf að gera fyrir suðurkant reitar. Þéttleiki í reitnum er 900 tré/ha. Yfirhæð er 10,5 m

Vaglaskógur R-101 RL, 1961

Reiturinn var grisjaður sumarið 2015. Reiturinn er nokkuð jafnt grisjaður, of mörg tvístofna tré skilin eftir og skemmdir á trjám eftir grisjun og útkeyrslu er nokkrar. Þéttleiki er 550 tré/ha og er þéttleiki mun minni en lagt var upp með. Yfirhæð er 12,5 m.

Vaglaskógur R-310 RG, 1952

Reiturinn var grisjaður sumarið 2014. Rétt um helmingur reitar var grisjaður og var hætt við að grisja það sem eftir er vegna smæðar trjáanna. Þéttleikinn er þokkalegur og er um 950 tré/ha og yfirhæð er 9,8 m.

Vaglaskógur R-334 SF og RG 1968

Reiturinn var grisjaður sumarið 2015. Grisjun er ábótavant og hefði mátt grisja betur kanta að sunnan norðan og austan. Verktaki var sendur aftur inn í reitinn en kláraði ekki að grisja. Þéttleiki eftir grisjun 550 tré/ha í furu og 200 tré/ha í rauðgreni. Yfirhæð er 10,2 m.

Vaglaskógur R-340 SF, RG, SkF, 1968

Reiturinn var grisjaður sumarið 2015. Reiturinn var notaður sem sýnreitir fyrir skógarhöggsvélina á skógardegi norðurlands 2015. Neðsti hluti reitar var grisjaður með keðjusög og kvistaður upp til að bæta sýn inn í skóginn fyri gesti skógardag norðurlands. Fallegum skógarfurum var haldið eftir. Það vantar upp á að suður og austurhluti reitar sé kláraður. Reiturinn var ekki mældur sökum smæðar og braut eftir skógarhöggsvél fer eftir honum miðjum. Sá hluti reitarins sem var grisjaður er nokkuð jafnt grisjaður.

Vaglaskógur R-332 SF, 1963

Reiturinn var vélgrisjaður 2014. Þarna standa 567 tré/ha eftir grisjun. Reiturinn lítur vel út, grisjun er jöfn yfir reitinn en þéttleiki tölvvert minni en ætlast var til. Vindfall var lítið eftir fyrsta vetur. Yfirhæð er 12,8

Vaglaskógur R-247 RL, 1961

Reiturinn var grisjaður sumar 2014. Grisjun er jöfn og góð, Etirstandandi tré er af góðum gæðum. Þéttleiki eftir grisjun er 550 tré/ha. Yfirhæð er 12,5 m. Þéttleiki er hinsvegar of lítill eftir grisjun miðað við það sem var lagt upp með.

Þórðarstaðir R- 49 RG, 1960

Hluti reitar var grisjaður sumar 2015. Heilt yfir er grisjun jöfn og góð. Þó vantar upp á svæðin milli slóða þar sem hallinn er mestur séu nægjanlega vel grisjuð, þar hefur verktaki ekki náð að teygja fellihausinn alla leið. Það ber nokkuð á skemmdum á trjám eftir útkeyrslu og grisjunina sjálfa. Þéttleiki eftir grisjun er 1183 tré/ha og yfirhæðin er 11,6 m.

Þórðarstaðir R-54 SF, 1971

Reiturinn var grisjaður sumar 2015. Grisjun er þokkaleg, vantar upp á að grisjunin sé jöfn yfir reitinn. Jaðar í vesturkanti reitar er ekki grisjaður nægilega vel, nokkuð um bogin tré og grúppur af trjám ásamt litlum trjám sem hefðu mátt fara. Nokkur stór birkitré eru í reitnum. Skemmdir á trjám eru mjög litlar. Þéttleiki eftir grisjun er 700 tré/ha. Yfirhæð er 13,2 m.

Þórðarstaðir R-48 SF, 1971

Reiturinn var grisjaður sumar 2015. Eftir að verktaki kvartaði undan erfiðum reit og hætti grisjun í reitnum, var farið með keðjusög á undan, brotin, bogin, lítil tré og birki sem var fyrir var fjarlæggt. Reiturinn lítur þokkalega út en það vantar upp á að grisjun sé jöfn yfir reitinn. Bæði suður og norður kant hefði mátt grisja betur. Mikið um skemmdir á trjám eftir útkeyrslu og grisjun.

Þórðarstaðir R-6 RG, 1959

Reiturinn var grisjaður sumar 2015. Reiturinn var ekki kláraður þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar þar um. Þarna hefði þurft að gera aðra braut sunnan við reitinn til að ná að grisja hann allan. Það þarf að fara í reitinn og laga hann og klára að grisja kanta og neðri hluta reitarins. Reitur of lítill til þess að hann væri mældur.

Þórðarstaðir R-11 SL,1959

Hluti reitar var höggvinn sumarið 2015. Vegna þess hve illa trén litu út (voru að drepast) var ákveðið að fella öll tré nema þau sem voru í mjög góðu standi. Eftir standa 15-20 tré/ha. Rauðgreni og fjallapínur sem voru undir lerkiskerminum fóru illa við grisjunina. Best væri að gróðursetja að nýju í reitinn, þá helst sitkagreni

Efri hluti reitar var grisjaður að hluta þ.e.a.s sá hluti sem er ofan við slóð er liggur þvert í gegnum reitinn, þar vantaði töluvert upp á að grisjun væri ásættanleg og of lítið grisjað til að hægt væri að ná heilum mælifleti.

Vaglaskógur R-292 SL,1958


Ekki náðist að mæla reitinn vegna snjóá haustið 2015

Vagllir á Þelamörk

Ekki náðist að mæla reitina á Vöglum á Þelamörk haustið 2015 vegna snjóá.

Samantekt

Vélgrísjanir hjá S.r á Norðurlandi voru á 4 svæðum grisjaðir voru 27 hektarar í 29 reitum.



Mynd 1 Vélgrísjun Á svæði S.r á norðurlandi 2014-2015 eftir tegundum á flatarmálseiningu

Fjórar megin tegundir voru grisjaðar stafafura, lerki, rauðgreni og alaskaösp. Mest var grisjað af stafafuru eða tæplega helmingur af allri grisjun á tímabilinu. Heildarrúmmetraffjöldi vélgrísjaður sumarið 2014 var 850 m³f og 1200 m³f sumarið 2015 og því samtals á tímabilinu 2050 m³f.

Greinilegur munur er á grisjunum milli ára. Grísjanir sem voru gerðar sumarið 2014 skila heilt yfir jafnari grisjunum. Meira er um að kantar sé skildir eftir í grísjuðum reitum árið 2015 en árið 2014. Meira skilið eftir af grúppum milli slóða og meira af litlum trjám. Eitthvað bar líka á að keyrt hafi verið

yfir heil birkitré í staðin fyrir að saga þau niður, virðist sem óþolnæði sé sennilegasta skýringin á þeim vinnubrögðum.

Verktaki Átti í töluverðum vandræðum með að fara eftir leiðbeiningum sem fyrir hann voru lagðar. Verktaki hætti stundum í miðjum reit og varð að senda hann aftur inn í sömu reiti og þá stundum töluverða vegalengd. Ástæður þess voru óvönduð vinnubrögð, s.s kláraði ekki að grisja allan reitinn, skildi eftir of þéttar grúbbur, skildi eftir tré sem ekki standast kröfur um gæði ofl. Þurfti í einhverjum tilfellum að senda verktaka inn í sömu reitina oftár en tvisvar.

Grisjunarviðurinn var sóttur frekar seint enda var haustið gott og úrkomulítið. Fyrstu farmarnir af grisjunarvið frá norðurlandi voru að fara frá Vöglum á Þelamörk í byrjun ágúst og þeir síðustu um úr Fnjóskadal um miðjan nóvember. Enn á eftir að flytja þrjá farma þ.e. úr Vaglaskógi, Hvammi og Glæsibæ í Eyjafirði

Ljóst er að umtalsverður munur er á meðalþyngd farma milli ára og þá léttari í ár en árið 2014. Þó nokkrar ástæður má nefna sem útskýrt geta þennan mun. Staðsetning viðarstæða úr Þórðarstaðaskógi, Vöglum á Þelamörk og Sigríðarstaðaskógi var með þeim hætti að það blés vel um stæðurnar þannig að vindþurrkun viðarins hlýtur að hafa verið býsna mikil og meiri heldur en t.d. í stæðunum í Vaglaskógi.

Greinilegt var að uppkvistun með grisjunarvélinni var mun lakari á árinu 2014 en 2015. Þetta leiddi til þess að mun meira var af greinarusli í stæðum og bílförnum sem leiðir til meira holrýmis og léttari bílfarma(mögulega einnig til meiri þurrkunar á við). Eins höfðum við það tilfinningunni að eitthvað af lausu greinarusli hafi verið flutt með viðnum við útkeyrslu(úr grisjunarsvæðunum) og hafi endað inn í stæðum og bílförnum og aukið enn á holrýmisprósenta.

Einnig virðist sem svo að vélgrisjunarmenn átt í erfiðleikum með að halda sig við staðlaðar lengdir og því miður reyndist tölvert vera af bolum sem voru of langir en slíkt veldur erfiðleikum meðal annars við lestun. Í einhverjum tilfellum kom það jafnvel fyrir að 3 og 4 metra lengdum var blandað saman.

Hluti af skýringunni gæti einnig verið að nú var notaður stærri krani við lestun með stærri kló sem að trúlega gerði það erfiðara að þjappa bolum saman og ekki síst handraða þeim þegar þess þurfti.

Mikill munur var á stöflun í stæður sumarið 2014 og sumarið 2015. Starfsmenn S.r sáu um útkeyrslu og stöflun á árinu 2014 en verktaki sá um úkeyrslu og stöflun árið 2015. Stæðurnar 2014 voru til fyrirmyndar og þægilegar til mælinga. Stæðurnar 2015 voru ójafnar, mjög háar og sumar valtar, bolir stóðu langt út úr stæðum, bolir lágu á bakvið stæður og mikið af greinarusli og toppum var inn á milli bola í stæðum. Sumar stæður var erfitt að mæla vegna þess hve illa var raðað í þær. Eftir að rætt hafði verið við verktaka skánuðu vinnubrögðin en betri hefðu þau samt mátt vera. Ekki þótti ráðlagt að senda starfsmenn til mælinga upp á allar stæður og þar af leiðandi erfitt að mæla lengdir með fullri vissu.

Slóðir inn í reitum eru oft breiðar og í nokkrum tilfellum allt of breiðir (6-7 metrar). Í flestum reitum er grisjun of mikil og verður að endurskoða vinnubrögð hjá verktaka við grisjanirnar. Val trjáa þarf að skoða í nokkrum tilfellum fær maður það á tilfinninguna að betri trén hafi verið felld frekar en lakari, má þar nefna sérstakleg reit 109 í Vaglaskógi og reit 34 í Sigríðarstaðaskógi.

Allar timburstæður frá Norðurlandsdeild voru keyrðar út úr skógi og lagðar á dregara þar sem flutningabílar komust að þeim. Ólíklegt þykir að óhreinindi hafa því komist í bolina við útkeyrslu út úr skógi og að geymslustað. Myndir eru til af öllum stæðum sem sýna að klárlega var farið að vinnureglum varðandi undirlag og staðarval á geymslusvæðum. Ástæða þess að minnst er á þetta er að mól og sandur virðist hafa komið í hluta timburs áður en það var kurlað. Ólíklegt verður að telja að óhreinindin hafi komið í timbrið við flutning þess frá skógi að geymsluplássi. Sennilega er útskýringa á þessu malar- og sandmálum að leyta hjá þeim sem sá um flutningin á viðnum í Elkem.

Undirbúningur reita virðist vera nauðsynlegur undanfari fyrir vélgrísjun í langflestum reitum. Með því að fara á undan með keðjusög, saga niður brotin tré, hallandi tré, lítil tré, birki sem er fyrir og einnig uppkvasta tré sem á að fella svo sem grófgreinótt tré og tré sem hindra útsýni er hægt að auka sjónsvið vélgrísjara umtalsvert. Þetta virðist skila sér í jafnari grísjun, betra vali á trjám og ekki síst minni skemmdum á eftirstandandi trjám.

Vegir komu almennt nokkuð vel út þrátt fyrir bleytu í enda grísjunartímabils. Helst má nefna að skógarlóði fyrir ofan reit 49 í Þórðarstaðaskógi fór illa að hluta. Þar þarf að ræsa burtu vatn og laga slóð með mól. Vegurinn í gegnum Þórðarstaði er mjög góður þrátt fyrir mikla keyrslu útkeyrsluvélar á honum. Það vantar malahlöss á nokkra staði til að laga burðargetuna í veginum. Einnig þarf að huga að því að laga veg inn að Þórðarstaðaskógi svo að koma megi flutningabílun nær skógi og stytta þannig leiðina fyrir útkeyrsluvélar. Til að minnka kostnað við útkeyrslu er mikilvægt að auka vegagerð í skógum á Norðurlandi sem og bæta þá vegi sem fyrir eru.

Laga þarf í Vaglaskógi skógarstíg sem liggur í gegnum reiti 109 og 101 en þar liggur einnig gönguleið sem þarf að lagfæra eftir grísjunina og útkeyrslu.

Í Sigríðarstaðaskógi þarf að laga veg inn í skógi eftir útkeyrslu 2015, moldartroðningurinn sem liggur í gegnum skóginn þarfnast aðhlyningar fyrir næsta ár.

Á Vöglum á Þelamörk var lagður nýr vegur og malborin þar sem við á, mun þess vegur nýtast stórum hluta skógarins um ókomna framtíð við timburflutninga úr skógi. Halda þarf áfram vegagerð í neðri hluta skógarins til að gera útkeyrslu á grísjunarvið mögulega þar.

Eins þarf að huga lagfæringum á vegum og vegagerði í Fellsskógi vegna fyrirhugaðra grísjana þar.

Það verður að segjast eins og er að þegar lagt er mat á vélgrísjun og útkeyrslu ársins 2015 þá er niðurstaðan mikil vonbrigði ekki síst vegna þess að við vorum í stórum dráttum sáttir við vélgrísjun ársins 2014. Við getum fullyrt vinnubrögðin við vélgrísjunina versnuðu verulega milli ára. Eðlilegt verður að teljast að grísjunarverktaki gefi veglegan afslátt af sinni vinnu eftir svona hörmungar niðurstöðu.

Munurinn liggur fyrst og fremst í að:

- Kvistun versnaði verulega milli ára.
- Tíðni of langra bola eykst mikið.
- Margfalt meiri skemmdir á eftirstandandi trjám.
- Meira af rusli sem fylgdi með í útkeyrslu á viðarbolum af grisjunarsvæðum í stæður og hlöss á bílum.
- Oft allt of mikið grisjað þ.e. of mikið tekið út úr reitum (gildir sennilega fyrir bæði árin).
- Algengara að kantar og hlutar reita séu skildir eftir ógrisjaðir.
- Algengt að útkeyrsluvegir séu allt of breiðir, sennilega versnað milli ára.
- Allt of háar stæður sem geta verið miklar slysgildir.
- Illa raðað í stæður (2015).

Varðandi flutningana að þá gengu þeir nokkuð vel og snuðrulaust fyrir sig bæði árin. Þó voru viðarhlössin að nánast undantekningarlaust of létt á árinu 2015 sem sennilega þýðir að við vorum að flytja of fáa m³ í hverri ferð sem leiðir til dýrari flutninga per rúmmeter. Skýringarnar á þessu eru eflaust margar og sennilega búið að rekja þær flestar hér áður.

Einnig er nauðsynlegt að flutningsaðili þurfi að sinni tilkynningarkskyldu til deildarinnar (þ.e. þeir láti vita hvenær þeir taka hlössin), mæli einnig hlössin á bílunum og taki myndir af þeim eins og gert var 2014.

Rétt er að taka fram að það voru ekki vandmál með þyngd á hlössum árið 2014 en þá sá Norðurlandsdeild S.r. um lestun og Landflutningar um flutninga.

Ef áframhald verður á vélgrisjun hjá Norðurlandsdeild S.r. á árinu 2016 þá verðum við að bæta þá hluti sem fóru úrskaiðis varðandi vélgrisjun og útkeyrslu á árinu 2015.

Sérstaklega verður að skoða þéttleika, skemmdir á eftirstandandi trjám, uppkvistunina á trjám og lengdir á bolum. Það hlýtur að vera hægt að gera miklu betur heldur en í ár(2015). Hverjar geta skýringarnar verið?

- Er vélamaðurinn ekki að leggja natni í að kvista bolina nægjanlega vel?
- Hentar fellu og kvistunarhausinn ekki fyrir þennan skóg sem hér er verið að grisja?
- Er sumargrisjun vafasöm. Verðum við að reyna að grisja yfir vetrartíma þar sem það er mögulegt þegar rakainnihald er minna í trjám.
- Að svæðin voru ekki undirbúin fyrir vélgrisjun.

Eins verður að vanda betur útkeyrsluna og sjá til þess að laust greinarusl sé ekki að slæðast með í viðarstæðurnar.

Það er einnig ljóst að við verðum að bæta nokkra hluti er snúa að okkur sjálfum varðandi vélgrisjunarmálin hér hjá Norðurlandsdeild S.r.

Við viljum þó taka skýrt fram að það fór verulegur tími hjá undirrituðum í eftirlit með grisjunarvélinni en það eftirlit snérist fljótt upp í að reyna að sjá til þess að ekki væru skilin eftir ógrisjuð svæði í reitum að þeir væru jafnt grisjaðir og síðast en ekki síst endalaust karp um lengdir á bolum þ.e. 3 eða 4 metra lengdir með meiru.

Við þurfum samt sem áður að auka eftirlitið með grisjunar- og útkeyrslu verktökum.

Verðum að auka mælingar á skógi og grisjunarvið og stæðum á meðan á vélgrisjun og útkeyrslu stendur.

Við verðum að stöðva þessa ofgrisjun á reitum sem því miður er of algeng. Grisjunarverktakar eiga að grisja reitina samkvæmt okkar fyrirmælum en ekki að eigin geðþótta.

Við verðum að undirbúa reitna fyrir grisjun með því að hreinsa burtu rusla og bæta skyggnið í reitum. Eins að hreinsa burtu grófar greinar sérstaklega í jaðri reita. Þó svo að við leggjum í kostnað af þessu tagi þá á þessi vinna einnig að skila okkur ódýrari grisjun og sem einfalt ætti að vera að setja inn í samninga við grisjunarverktaka.

Og svona rétt í lokinn verktakarnir sem sjá um grisjun, útkeyrslu og flutningana verða vera ábyrgir fyrir þeim verkum sem þeir vinna. Ef þeir geta ekki unnið þessi verk eins og ætlast er til þá eiga þeir ekki að fá greitt að fullu fyrir þessi verk og jafnvel alls ekki. Þessu hlýtur að vera best stýrt í samningum milli verktaka og verkkaupa.

Við hjá Norðurlandsdeild S.r. þurfum að hafa samningana undirhöndum þar sem skýrt er kveðið á hvernig standa skuli að vélgrisjuninni og að þar komi einnig fram ákvæði um frádrátt vegna illa unnina verka og jafnvel ákvæði um bónusa vegna vel unnina verka. Því miður að þá höfum hvorki séð samninga um vélgrisjun né viðarflutninga ársins 2015.

Með von um að vélgrisjun ársins 2016 heppnist betur.

Vöglum, 7. janúar 2016.

Virðingarfyllt,

Rúnar Ísleifsson og Benjamín Örn Davíðsson.

13.2 Fylgiskjal nr. 2 Samantekt á framkvæmdum í landi Belgsár 2013 til 2015.

Samantekt á framkvæmdum í landi Belgsár 2013 til 2015.



Skýrsla um verkefni árana 2013 til 2015 í skógrækt í tengslum við samning Landsvirkjunnar og Skógræktar ríkisins um aðgerðir til kolefnisbindingar með skógrækt í landi Belgsár í Fnjóskadal.



Framkvæmdir


Árið 2013

Vorið 2013 hófust framkvæmdir í landi Belgsár í samræmi við samning Landsvirkjunnar og Skógræktar ríkisins um aðgerðir í kolefnisbindingu. Byrjað var á því að dreifa tilbúnum áburði á Belgsármela sem undirbúningur lands fyrir gróðusetningu. Dreift var áburði í um 8 hektara. Megin tilgangurinn var sá að styrkja gróðurhuluna á melunum og koma í veg fyrir frostlyftingu plantna yfir vetrartímann.

Í kjölfarið var gróðursett lerki í svæðið, samtals í um 6,8 hektarar (sjá nánar í töflu 1). Verkið var unnið af Benjamín Erni Davíðssyni og hans samstarfsfólki í júní mánuði. Gróðursett var í reit nr. 48 (sjá yfirlitskort af gróðursetningum).

Tafla 1. Yfirlit yfir gróðursetningu ársins 2013.

| Tegund | Pl. Aldur | Bakkagerð | Kvæmi | Kvæma nr. | Fjöldi |
|------------|-----------|-----------|------------|-------------|--------|
| Rússalerki | 2/0 | Fp-40 | Arkangelsk | 2006 | 13.680 |
| Rússalerki | 2/0 | Fp-40 | Lassinmaa | M29-98-0027 | 5.025 |
| | | | | Samtals: | 18.705 |



Mynd tekinn í lok september 2013.


Um haustið voru gróðursetninga svæði næstu tveggja ára herfuð með TTS-herfi sem nauðsynlegur undirbúningur fyrir gróðursetningu. Samtals voru herfaðir um 31,6 hektarar. Herfaðir voru reitir nr. 49 til 54 (sjá yfirlitskort af gróðursetningum).



Mynd. TTS-herfing á Belgsá.

Árið 2014

Eftir að snjóá leysti í byrjun júní var farið í það að leggja vegslóða um væntanleg gróðursetningarsvæði. Verkið var framkvæmt þannig að mólendið var tætt og með því móti urðu til greiðfærir slóðar um svæðin sem nýttust vel við sjálfa gróðursetninguna. Lengd slóðanna er um 2,1 km. Um verkið sá Valgeir Davíðsson starfsmaður Skógræktar ríkisins á Vöglum



Yfirlitkort unnið af RÍ.

Í júní mánuði voru gróðursettar um 54.132 plöntur af stafafuru í reiti nr. 49 til 52.. Í reit nr. 52 var gróðursett tilraun með stafafuru en í henni voru einnig nokkur skógarfuru kvæmi. Heildarflatarmál gróðursettra reita var 16,5 hektarar. Sami verktaki sá um gróðursetningu og árið áður.


Tafla 2. Yfirlit yfir gróðursetningu ársins 2014.

| Tegund | Pl. aldur. | Bakkagerð | Kvæmi | Fjöldi |
|----------------------|------------|-----------|----------|--------|
| Stafafura | 1/0 | Fp-67 | Carcross | 52.652 |
| Stafafura | 1/0 | Fp-40 | Tilraun | 800 |
| Skógarfura | 1/0 | Fp-40 | Tilraun | 400 |
| Stafafura/Skógarfura | 1/0 | Fp-40 | Tilraun | 280 |
| | | | Samtals: | 54.132 |

Samhliða gróðursetningunni var borinn áburður á allar gróðursettar plöntur. Gefin voru um 13 gr. af blákorni á plöntu, samtals um 700 kíló.

Árið 2015

Gróðursett var í júní mánuði í reiti nr. 53 og 54 samtals um 34.661 plöntur. Aðallega var gróðursett stafafura en einnig var sett út tilraun með hengibjörk í innri og neðrihlutar reitar nr. 53. Gróðursetningin var unnin af starfsfólki S.r. á Vöglum. Ákveðið var að bíða með áburðargjöf á plönturnar til vorsins 2016 vegna ótta við afföll á nýgróðursettum plöntum vegna áburðargjafar.



Yfirlitkort unnið af RÍ.

Tafla 3. Yfirlit yfir gróðursetningu ársins 2015.

| Tegund | Pl. Aldur | Bakkagerð | Kvæmi | Kvæma nr. | Fjöldi |
|------------|-----------|-----------|-------------|-----------|--------|
| Stafafura | 1/0 | Fp-67 | Watson Lake | 214001 | 33.701 |
| Hengibjörk | 1/0 | Fp-40 | Tilraun | | 960 |
| | | | | Samtals: | 34.661 |

Samantekt

Á þessum þrem árum er búið að gróðursetja 107.498 plöntur í 38,5 hektara sem gerir um 2.800 plöntur á hektaran að meðaltali. Einnig er búið að leggja um 2,1 km af vegslóðum og gefa plöntum um 700 kg. af áburði. Á næsta ári mun verða settur áburður á plöntur sem gróðursettar voru í júní 2015.

Vöglum, 30 október 2015.

Rúnar Ísleifsson
Skógarvörður
Skógrækt ríkisins Vöglum